

## Skólareglur

*Einkunnarorð skólans er virðing, virkni, vinsemd og vellíðan.*

*Grunnskólinn á Þórshöfn nýtir Olweusaráætlunina sem forvörn og viðbragð í eineltismálum. Í öllu skólstarfi okkar horfum við til þeirrar grunnreglu að við leggjum ekki aðra í einelti.*

### Við í Grunnskólanum á Þórshöfn:

- ✿ *Mætum stundvíslega í skólann, að morgni, eftir frímínútur og í hádegi. (Foreldrar/forráðamenn tilkynna veikindi eins fljótt og kostur er á skrifstofu skólans eða færa sjálfir inn í Mentor fyrir klukkan 8:00 að morgni). Tilkynna þarf veikindi hvern dag sem barnið er veikt heima.*
  - *Beiðni foreldra um leyfi í 1 -2 daga skal vísa til umsjónarkennara. Óski foreldrar eftir lengra leyfi fyrir börn sín, fylla þeir út sérstakt eyðublað sem má finna á vef skólans og skila inn til skólustjóra. Skólustjóri ákvarðar svo um hvort leyfi verði veitt.*
- ✿ *Komum fram af vinsemd og virðingu við alla í skólanum og sýnum fyllstu kurteisi.*
- ✿ *Göngum vel um bæði úti og inni og förum vel með eigur skólans, okkar eigin og annarra. Nemendur bera ábyrgð á því tjóni sem þeir kunna að valda á eigum skólans, starfsmanna eða annarra nemenda.*
- ✿ *Erum á skólalóð í frímínútum og hádegi.*
- ✿ *Fáum tilkynningu að hausti frá foreldrum og eða forráðamönnum ef börn þeirra eiga að fara heim í hádeginu. Í hádegishléi eru þau börn á ábyrgð foreldra og eða forráðamanna.*
- ✿ *Geymum hjól og hlaupahjól við hjólagrindur á skólatíma og vélhjól á bílastæði skólans. Við notum ekki þessi farartæki á skólalóðinni á skólatíma af öryggisástæðum. Allir nemendur skulu hafa hjálma skv. umferðarreglum. Við mælumst til þess að fullorðnir geri hið sama.*
- ✿ *Berum sjálf ábyrgð á þeim fjármunum eða verðmætum sem við komum með í skólann. Skólinn tekur ekki ábyrgð á persónulegum munum né fjármunum.*
- ✿ *Komum með hollt nesti í skólann*
- ✿ *Neytum ekki sælgætis í skólanum eða í ferðum á vegum skólans, nema með sérstökum undantekningum sem eru kynntar fyrirfram.*

- ✿ *Notum ekki hluti eða tæki sem valda truflun að mati kennarans eða skapa slyshættu í skólanum né á skólalóðinni á skólatíma.*
- ✿ *Notum ekki síma, tölvur og leikjatölvur í eigu nemenda á skólatíma. Brjóti nemandi þessa reglu verður haft samband við forráðamann og hann beðinn að koma í skólann og sækja tækið.*
- ✿ *Tökum ekki upp hljóð- eða myndbönd á skólatíma nema með leyfi skólustjóra eða kennara í hans umboði.*
- ✿ *Fáum leyfi hjá kennurum ef við viljum hlusta á tónlist í kennslustundum.*

Umsjónarkennarar setja frekari reglur um umgengni og almenn samskipti í samráði við nemendur sína og nemendur semja sínar eigin bekkjarreglur.

Komi upp vandamál vegna hegðunar og/eða ástundunar nemanda eru þau leyst í samvinnu við nemendur og foreldra. Ef ekki tekst að leysa vandann þannig, leitar umsjónarkennari eftir aðstoð hjá skólustjórn og ráðgjöfum skólans. sbr. sérstakar verklagsreglur sem skólinn hefur sett sér.

Ef ekki reynist unnt að leysa vandann innan skólans er leitað annarra leiða í samvinnu við Félags- og skólaþjónustu Norðurþings.

Skólareglurnar eru kynntar nemendum og foreldrum þeirra að hausti. Skv. Grunnskólalögum 2008, grein 18, *skulu foreldrar stuðla að því að nemendur mæti úthvildir í skólann og fylgi skólareglum.* Umsjónarkennarar fjalla um og útskýra reglurnar í sínum umsjónarhópum.

Ítarlegri útfærsla á skólareglum, svokallaðar bekkjarreglur, er á höndum umsjónarkennara og skulu þeir tryggja kynningu og eftirfylgd þeirra.

*Grunnskólinn á Þórshöfn veturinn 2020 – 2021.*

*Ég hef kynnt mér skólareglur GP og skrifa hér undir því til staðfestingar:*

---

*Undirskrift foreldra/forráðamanna*

*Undirskrift nemanda*

*Ábendingum og hugmyndum að breytingum á skólareglum, er hægt að koma til skólustjóra á netfangið [hilma@thorshafnarskoli.is](mailto:hilma@thorshafnarskoli.is)*